

Mál nr. 187/2007
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Ofanleiti í Reykjavík þ. 5.9.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.9.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.696/07
3. Lögregluskýrsla dags. 5.9.2007 ásamt vettvangsuppdrætti.
4. Bréf V-1 dags. 19.9. og 11.10.2007.
5. Bréf V-2 dags. 15.11.2007.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið vestur Ofanleiti á hægri ferð og skyndilega hafi B verið ekið fyrir hann úr aðkeyrslu og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið suður af aðkeyrslu og ætlað inn á Ofanleiti til austurs og ekki hafa orðið var við A fyrir en of seint og ekki náð að hemla. Ökumaður B segist hafa ekið mjög hægt í umrætt sinn.

Álit.

Aðstæður eru þannig þar sem áreksturinn var að ökumenn verða að aka með fullri aðgát og gæta ítrustu varúðar. Á það þykir hafa skort hjá ökumanni B í umrætt sinn og ber hann því alla sök.

Niðurstaða.

B ber alla ök.

Reykjavík 13.11. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.